Starfsáætlun 2026-2027

Félagsmiðstöðin Igló

Sigurður Pálmarsson
sigurdurp@kopavogur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

Hagnýtar upplýsingar

S: 441 4230 / 618 6660
sigurdurp@kopavogur.is
Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Snælandsskóla v. Víðigrund

Opið:
Mánudaga 12:30-17:00 / 17:00-18:30 / 19:30-22:00
Þriðjudaga 12:30-16:00
Miðvikudaga 12:30-17:00 / 17:00-18:30 / 19:30-22:00
Fimmtudaga 12:30-16:00
Föstudaga 12:30-17:00 / 17:00-18:30 / 19:30-23:00

Félagsmiðstöðvadagatal

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ	
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýárdagur	1	M	Starfsmannafræðsla	1	M	Starfsmannafræðsla	1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	
2	S		2	M		2	F		2	M	Starfsmannafræðsla	2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M	
3	M	Frístund verkfallnemenna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F	
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F	
5	M		5	L		5	M	Starfsmannafræðsla	5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F	Dansleikpróf Samfés	5	M	Starfsmannafræðsla	5	M		5	L	
6	F		6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L		6	L	Stíll - Samfés	6	Þ	Aðalfundur Samfés	6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M	Starfsmannafræðsla	7	F		7	S		7	S		7	M	Aðalfundur Samfés	7	F	Samfest	7	M	
8	L	Reykjavík Pride	8	Þ		8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti / Fræðsludagurinn	8	Þ		8	F		8	M	Vika 6 / Söludagur	8	M		8	F		8	L	Söngkeppni Samfés	8	Þ	
9	S		9	M	Starfsdagar Samfés	9	F	Landsmót Samfés	9	M		9	M		9	L		9	Þ	Vika 6 / Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S	Mæðradagurinn	9	M	
10	M		10	F	Starfsdagar Samfés	10	L	Landsmót Samfés	10	Þ		10	F		10	S		10	M	Vika 6 / Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Skólaslit
11	Þ		11	F	Opnun	11	S	Landsmót Samfés	11	M		11	F		11	M		11	F	Vika 6	11	F		11	S		11	Þ		11	F	
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F	Vika 6	12	F		12	M		12	M	Starfsdagur hlutastarfsmanna	12	L	
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M	Bolludagur	13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S	
14	F		14	M	Tík vikan	14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F		14	M	
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ	
16	S		16	M	Tík vikan	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M	
17	M	Skráning hefst í starfsdaga	17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M	Öskudagsball Fléttó	17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn
18	Þ		18	F	Tík - ball/ð	18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F	
19	M		19	L		19	M	Félagsmiðstöðva-	19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M		19	L	
20	F		20	S		20	Þ	á ungmennahúsa	20	F	Rimmaflæð	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S	
21	F		21	M		21	M	vikan	21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M	
22	L	Menningarnótt	22	Þ		22	F	VETRARFRÍ	22	S		22	Þ		22	F	SamfésCon - Starfsmannafræðsla	22	M	VETRARFRÍ	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti / Skráning í sumarnámjur	22	L		22	Þ	
23	S		23	M		23	F	LAN / VETRARFRÍ	23	M	Þorláksmessa	23	M		23	L		23	Þ	VETRARFRÍ	23	Þ	Kvöldadagur	23	F		23	S		23	M	Ólétga Fléttó
24	M	Velkomin til starfa - starfsmannafræðsla	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M		24	L		24	M		24	F	Ólétga Fléttó
25	Þ	Skólasetning/Kennsla hefst	25	F	Hinsegin landsmót	25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F	
26	M	Fyrsta opnun	26	L	Hinsegin landsmót	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Skíðaferð	26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M	Fléttó Fest	26	L	
27	F		27	S	Hinsegin landsmót	27	Þ		27	F	GETHÖ	27	S		27	M		27	L	Skíðaferð	27	L		27	Þ		27	F		27	S	
28	F	Velkomin til starfa - starfsmannafræðsla	28	M		28	M	Árgangakvöld	28	L		28	M		28	F		28	S	Skíðaferð	28	S	Páskadagur	28	M		28	F	10 bekkjaball	28	M	
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	F	RAVE-Ball					M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ	
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M		30	L						Þ		30	F		30	S		30	M	
31	M					31	L					31	F	Gamlárdagur	31	S					31	M										

Starfið í vetur

Í starfinu er lögð áhersla á jafnrétti, sjálfstæði, fjölbreytileika og fordómaleysi. Reynt er að sníða dagskrá þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ýmiskonar hópefli og klúbbastarf er í boði á kvöldopnunum. Einstaklingar sem t.a.m standa höllum fæti félagslega eru hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina af starfsfólki. Áhersla er lögð á að umhverfi Igló sé öruggt fyrir öll þau sem mæta.

Miðstigsstarf er á mánudögum og föstudögum kl. 17:00-18:30. Á mánudögum er skipt eftir árgöngum og opin dagskrá. Á föstudögum geta öll á miðstigi haft kost á því að skrá sig í smiðju.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðukona sitja fund með aðstoðarskólastjóra einu sinni í mánuði. Samstarf við sérdeild þar sem nemendur mæta í Igló einu sinni í viku a.m.k. Auk þess eru regluleg samskipti við námsráðgjafa, réttindateymi og annað starfsfólk.

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11 2026

Viðburðir í vetur

Í Igló er skipulögð dagskrá á hverri kvöldopnun t.d. ferðir, hópefli, mót, ofl.
Igló skipuleggur jólaball og árshátíð ásamt nemendaráði og í samráði við skóla. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva eru m.a. böll, Getkó, ÍTK, lan-mót, söngkeppni, skíðaferð og félagsmiðstöðvahátíð.
Viðburðir í samstarfi við skóla eru jólaball og árshátíð.

Hópastarf

Hópastarf í fer oftast fram á fyrri kvöldopnun. Miðað er að safna hópi saman utan um ákveðin áhugamál. Í því starfi skipuleggja unglingarnir sjálf hvað gert er hverju sinni. Hópastarfið er opið öllum áhugasömum. Ef um sértækt hópastarf er að ræða er reynt að safna í hóp með öðrum leiðum, t.a.m með samstarfi við starfsfólk skólans. Farið er eftir gátlista félagsmiðstöðva sem varðar hópastarf af slíku tagi.
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið eru höfð að leiðarljósi í starfinu. Markmiðin eru sýnileg í félagsmiðstöðinni og hægt að tengja þau hópastarfi.

Félkó miðstöðin liggur niðri eins og er vegna húsnæðisskorts. Hugmyndin með miðstöðina er að til sé miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs. Þar mátti m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju með saumavélum, þrívíddaprentara, prjóna- og föndurvörum, og annars efnis til listsköpunar, auk borð- og hlutverkspila. Miðstöðin var tilvalin fyrir sértækt hópastarf milli félagsmiðstöðva og höfðu Hinsegin Félkó, Velkomin Félkó og D&D klúbbur Félkó aðstöðu þar.

Hinsegin Félkó er með aðsetur í Bókasafni Kópavogs og er með skipulagða hittinga á fimmtudögum. Hittingarnir eru ætlaðir unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík.

Velkomin Félkó hefur nú aðsetur í Kjarnanum og er opið á þriðjudögum í vetur en alla virka daga á sumrin. Þar er tekið sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin Félkó miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótta- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótta- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í Velkomin fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi.

Sumaropnun Igló

Eftir skólaslit er félagsmiðstöðin áfram opin fram eftir sumri. Hefðbundnar dag-og kvöldopnanir fyrir unglinga eru færri eða tvisvar í viku. Á móti eru smiðjur fyrir miðstig og sértækt hópastarf á daginn.
Í sumarstarfi félagsmiðstöðvarinnar eru góð tækifæri til frekara hópastarfs í samstarfi með Vinnuskóla Kópavogs. Þar er möguleiki á að efla unglinga sem annars myndu t.d. vera heima eða sæktu félagsmiðstöð í litlum mæli.
Næsta sumar er von um áframhald á hópastarfi síðasta sumars sem tvinnaði saman hópa úr Igló og Hinsegin Félkó.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Barna- og unglingaráð

Félagsmiðstöðvarráð
Félagsmiðstöðvaráð Igló er opið ráð þar sem öll geta skráð sig. Ráðið hittist a.m.k. einu sinni í viku eftir skóla, skipuleggur saman viðburði félagsmiðstöðvar og ræðir annað sem snertir starf Igló. Um 18 unglingar eru skráð í ráðið.

Miðstigsráð
Með auknu miðstigsstarfi er gert ráð fyrir að stofna miðstigsráð sem hittist a.m.k. einu sinni í mánuði, skipuleggur dagskrá ofl.

Félkó ráð
Í Félkó ráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið. Tveir fulltrúar Igló eru í ráðinu.

Ungmennaráð Kópavogs
Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés
Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf
Foreldrar fá senda dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í hverjum mánuði auk annarra upplýsinga um helstu viðburði þegar á við. Eins er prentvæn dagskrá félagsmiðstöðvarinnar sett á heimasíðu Igló. Upplýsingamiðlun á Abler er einnig á dagskrá. Haft samband við foreldrafélag varðandi foreldrarölt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Menntastefna Kópavogsbæjar

Í Igló er opið félagsmiðstöðvaráð þar sem lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar um starf félagsmiðstöðvarinnar. Bókaklúbbur, heimanámsaðstoð og spurningakeppnir eru meðal þess sem taka mið af læsi unglinga. Aðgengi að upplýsingum er bæði á íslensku og ensku.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra mat

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10. bekk og forsjáraðila. Um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir og forsjáraðilar meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.
101 unglingur og 43 forsjáraðilar svöruðu könnuninni.
46% unglinga sögðust mæta 1 sinni eða oftar í viku og þóttu 77% félagsmiðstöðvastarf mikilvægt.
70% forráðafólks sem tók könnunina voru sátt við opnunartíma, 77% þóttu þau fá nægilegar upplýsinga og 84% svöruðu að þau færu ánægð með félagsmiðstöðina á heildina litið.

Innra mat

Fordómafull orðræða, ofbeldismenning og virðingarleysi eru enn helstu áskoranir sem starfsfólk tekur eftir. Betur gengur að virkja til þátttöku þá unglinga sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Hins vegar þarf að ná frekar til eldri árganganna og ná meiri mætingu hjá þeim. Einhver verkefni síðasta árs þurftu að sitja á hakanum s.s. kosningar að vori og aukið samstarf við sérdeild.

Umbótaráætlun

Í könnunum vildu unglingarnir breyta dagskrá og tækjabúnað. Eitthvað er búið að bæta en farið verður nánar í málin með félagsmiðstöðvarráðinu og skoðað hvað hægt er að gera.
Ef foreldrakönnun er skoðuð virðist misjafnt hversu vel þau fullorðnu þekkja starf og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar. Verkefni vetrarins er að bæta það auk þess að fara yfir tillögur sem komu frá foreldrum.
Mætingu eldri árganga mætti e.t.v. bæta með skiptingu rýma eða fjölgun á árgangakvöldum. Slíkt yrði þó alltaf að vera í lágmarki þar sem það rímar illa við opið félagsmiðstöðvastarf.
Félagsmiðstöðvaráðið fær betri ramma utan um skipulag og verkefni. Mánuði skipt í dagskrágerð, önnur verkefni og réttindafund.
Samstarf við sérdeild bætt og fundinn tími einu sinni í viku á skólatíma þar sem nemendur mæta í félagsmiðstöðina.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026


Símenntunaráætlun

Starfsmannafræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og Samfés Con og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Starfsmannafræðslurnar eru skipulagðar af Frístundadeild og verða verða til skiptis á mánudögum og miðvikudögum í vetur, til að tryggja að sem flestir starfsmenn geti sótt fræðslur.

Fjöldatölur 2025-2026

Fjöldatölur félagsmiðstöðvarinnar eru teknar saman í hverjum mánuði.
Hér má sjá fjöldatölur frá ágúst 2025 til júlí 2026:



Starfsfólk

Sigurður Pálmarsson - forstöðumaður
Florencia Bugallo Dukelsky - aðstoðarforstöðukona
María Björg Bjarkadóttir – frístundaleiðbeinandi
Gísli Freyr Stefánsson – frístundaleiðbeinandi
Hrefna Tryggvadóttir – frístundaleiðbeinandi
Ásta Margrét Haraldsdóttir – frístundaleiðbeinandi
Egill Fjölnisson – frístundaleiðbeinandi
Jana Guðrún Jahzara T. Maillard – frístundaleiðbeinandi
Gaukur Grétuson – frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026